Reykjavík, 10. desember 2018
R17100024
1210

Borgarráð

***Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018***

**1. Viðauki vegna leiðsagnar nýliða (SFS)**
Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaður um 6.875 þ.kr. vegna , vegna leiðsagnar nýliða grunnskólakennara. Breytingin verði fjármögnuð af liðunum launa- og starfsmannakostnaður, kostn.st. 09126.

| **Svið** | **Kostn.st.** | | | **Fjárhæð (þkr.)** |
|---|---|---|---|---|
| SFS | xxxxx | Skóla- og frístundasvið | Til | 6.875 |
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð | Frá | -6.875 |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar

*Greinargerð:*
Vísað er í ákvæði 2.3.12 í kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara um leiðsögn nýliða: "Heimilt er að fela grunnskólakennara leiðsögn nýliða við þann skóla sem þeir starfa eða aðra skóla í sama sveitarfélagi. Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu í eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum. Kennari sem tekur að sér leiðsögn nýliða samkvæmt ofangreindu fær eina kennslustund á viku í kennsluafslátt fyrir hvern nýliða þann tíma sem verkefnið varir." Grein 2.3.12 gildir frá og með 1. ágúst 2018. Gert er ráð fyrir að útgjöld hjá Reykjavíkurborg geti numið sem svarar allt að tveimur stöðugildum kennara á ársgrundvelli.

**2. Viðauki vegna samnings við Myndlistaskóla Reykjavíkur (SFS)**
Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaður um 9.992 þ.kr. vegna nýs samnings við Myndlistaskóla Reykjavíkur, sbr. samþykkt borgarráðs dags. 17. maí 2018, mál R17020120. Breytingin verði fjármögnuð af liðunum ófyrirséð, kostn.st. 09205 og færist á kostn.st. 09301, Styrkir á vegum borgarráðs.

| **Svið** | **Kostn.st.** | | | **Fjárhæð (þkr.)** |
|---|---|---|---|---|
| SFS | M3203 | Myndlistaskólinn í Reykjavík | Til | 9.992 |
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð | Frá | -9.992 |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

**3. Viðauki vegna afleiddra áhrifa kjarasamningsbundinna hækkana 2018 á einkarekna leikskóla**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaður um 39.560 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna hækkana 2018 á einkarekna leikskóla. Breytingin verði fjármögnuð af liðunum launa- og starfsmannakostnaður kostn.st. 09126.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| SFS | xxxxx | Skóla- og frístundasvið | Til | 39.560 |
| ÖNN | 09126 | Launa- og starfsmannakostnaður | Frá | -39.560 |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Hér er um að ræða afleidd kostnaðaráhrif á einkarekna leikskóla vegna eftirfarandi: framlags vegna lífeyrisauka ASÍ (5,85%) jan. – des. 2018, samgöngustyrks, leiðréttingar á kjarasamningi við félag leikskólakennara og félag stjórnenda í leikskólum, og kjarasamningsbundinna viðbótaráhrifa á launaþróunartryggingu.

**4. Viðauki vegna samnings um lífeyrisauka aðildarfélaga ASÍ frá okt. til des. 2018**

Lagt er til að fjárheimildir sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar verði hækkaðar um 53.925 þ.kr. vegna sérstaks lífeyrisauka aðildarfélaga ASÍ. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum launa og starfsmannakostnaður, kostnaðarstað 09216, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÍTR | xxxx | Íþrótta- og tómstundasvið | Til | 298 |
| MOF | xxxx | Menningar- og ferðamálasvið | Til | 186 |
| SFS | xxxx | Skóla- og frístundasvið | Til | 24.393 |
| USK | xxxx | Umhverfis- og skipulagssvið ES | Til | 5.299 |
| USKRK | xxxx | Umhverfis- og skipulagssvið AS | Til | 3.455 |
| VEL | xxxx | Velferðarsvið | Til | 20.294 |
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -53.925 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2018 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samninga Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi aðildarfélaga ASÍ sem samþykktur var í borgarráði þann 28. sept. 2017, sbr. mál R17090239, um viðbótariðgjald upp á 5,85% vegna sérstaks lífeyrisauka.

**5. Viðauki vegna samgöngusamninga okt. til des. 2018**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða verði hækkaðar um 49.169 þ.kr. vegna samgöngusamninga tímabilið okt. til des. 2018. Breytingin verði fjármögnuð af liðunum launa- og starfsmannakostnaður, kostn.st. 09126 og sundurliðast með eftirfarandi hætti á fagsvið Reykjavíkurborgar:

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ITR | xxxx | Íþrótta- og tómstundasvið | Til | 1.804 |
| MOF | xxxx | Menningar- og ferðamálasvið | Til | 1.373 |
| RHS | xxxx | Miðlæg stjórnsýsla | Til | 1.207 |
| SEA | xxxx | Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar | Til | 54 |
| SFS | xxxx | Skóla- og frístundasvið | Til | 36.307 |
| USK | xxxx | Umhverfis-og skipulagssvið (Eignasjóður) | Til | 390 |
| USKRK | xxxx | Umhverfis-og skipulagssvið Aðalsjóður | Til | 1.086 |
| VEL | xxxx | Velferðarsvið | Til | 6.948 |
| ÖNN | 09126 | Launa- og starfsmannakostnaður (ÖNN) | Frá | -49.169 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

**6. Viðauki vegna úrskurðar kjaranefndar og starfsmats**

Lagt er til að fjárheimildir menningar og ferðamálasviðs verði hækkaður um 2.328 þ.kr. vegna úrskurðar kjaranefndar Reykjavíkurborgar um laun borgarbókavarðar. Jafnframt er lagt til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 13.571 þ.kr. vegna úrskurðar kjaranefndar Reykjavíkurborgar um laun skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarritara. Vegna launa aðstoðarmanns borgarstjóra sem voru laun leiðrétt samkvæmt ráðningarbréfi og endurmats á starfi deildarstjóra tölfræði og greiningar. Breytingin verði fjármögnuð af liðunum launa- og starfsmannakostnaður, kostn.st. 09126 og færist með eftirfarandi hætti:

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| RHS | 01100 | Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara | Til | 13.571 |
| MOF | 03200 | Borgarbókasafn | Til | 2.328 |
| ÖNN | 09126 | Launa- og starfsmannakostnaður | Frá | -15.899 |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

**7. Viðauki vegna félagsdóms nr. 16/2016 um launagreiðslur til tímavinnustarfsfólks**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 38.153 þ.kr. vegna áhrifa félagsdóms nr. 16/2016 um launagreiðslur til tímavinnufólks á kjarasamninga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (STRV) og Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR). 2018. Breytingin verði fjármögnuð af liðunum launa- og starfsmannakostnaður, kostn.st. 09126 og færist með eftirfarandi hætti:

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| RHS | xxxxx | Velferðarsvið | Til | 38.153 |
| ÖNN | 09126 | Launa- og starfsmannakostnaður | Frá | -38.153 |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

**8. Viðauki vegna reksturs íbúða fyrir skjólstæðinga Félagsbústaða (VEL)**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 85.123 þkr. vegna rekstrar á íbúðarhúsnæði fyrir skjólstæðinga Félagsbústaða tímabilið júlí til des. 2018. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. 01292 á velferðarsviði.

Breytingin felur jafnframt í sér að leigutekjur Eignasjóðs hækka um 93.536 þkr og útgjöld sjóðsins um sambærilega fjárhæð vegna afskrifta, viðhalds, umsýslu og fjármagnskostnaðar.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -85.122 |
| VEL | 01292 | Innri leiga - útgjöld VEL | Til | 93.536 |
| VEL | 01292 | Leigutekjur VEL frá Félagsbústöðum | Til | -33.000 |
| VEL | 01292 | Önnur rekstrarútgjöld VEL vegna eignanna | Til | 24.586 |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*
Vísað er til kaupa Eignasjóðs Reykjavíkurborgar á íbúðum á árinu 2017, samtals um 70 íbúðir sem tekin var ákvörðun um að kaupa og leigja til velferðarsviðs, sem endurleigir þær síðan til Félagsbústaða. Viðbótarútgjöld Reykjavíkurborgar nemur 85.122 þkr á tímabilinu júlí til desember, sem skýrist af því að leiga velferðarsviðs til Eignasjóðs er hærri en sú leiga sem skjólstæðingar Félagsbústaða greiða, auk útgjalda sem falla á sviðið vegna rekstrar.

**9. Viðauki vegna tilflutnings á fjárheimildum á skóla- og frístundasviði**
Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á skóla- og frístundasviði:

| Svið | Kostn.st. | Þjónustuhluti | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| SFS | *Grunnskólahluti* | | | |
| | M2202 | Endurúthlutun á haustönn o.fl. | Til | 120.886 |
| | M2206 | Sérkennsla | Til | 157.731 |
| SFS | *Frístundahluti* | | | |
| | I7100 | Miðlægur kostnaður Frístundaheimila | Frá | -24.276 |
| | I7561 | Langtímaveikindi | Frá | -5.724 |
| SFS | *Leikskólahluti* | | | |
| | D418 | Endurúthlutun | Frá | -248.617 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*
Útgjöld vegna sérkennslu og langtímaveikinda hjá grunnskólum og leikskólum hafa á árinu 2018 verið umtalsvert meiri en fjárheimildir og stefna úthlutunarpottar vegna þeirra í halla nú undir lok ársins. Samtals gerir útkomuspá ráð fyrir að sérkennsla í grunnskólum og leikskólum verði um 310 m.kr. umfram fjárheimildir, langtímaveikindi um 126 m.kr. umfram og endurúthlutunarpottur grunnskóla verði um 133 m.kr. umfram. Samtals um 570 m.kr.

Í samræmi við heimild í reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar leggur sviðsstjóri skóla- og frístundasvið til að leysa vandann með tilfærslu á vannýttum fjárheimildum innan sviðsins. Gert er ráð fyrir að færa fjárheimildir til innan sviðshluta (þjónustuþátta) og síðan á milli sviðshluta til að leysa fjármögnunarvanda sem eftir stendur og lýst er í tillögunni.

Tillaga SFS er svohljóðandi:

Í kjölfar 9 mánaða uppgjörs SFS þá hefur verið tekin saman spá um áætlaða stöðu í árslok á helstu liðum. Hér að neðan er yfirlit yfir tillögur sem SFS leggur fram, en þær byggjast á því :
a) Að innan hvers sviðshluta ( leikskóla, grunnskóla og frísundastarfs) verði fyrst fært fjármagn úr þeim pottum sem hafa afgang yfir í þá potta sem eru með halla.
b) Verði sviðshluti í halla eftir það þá er fjármagn fært á milli sviðshluta. Grunnskólaskrifstofu er í halla en leikskólaskrifstofu og frístundastarf með afgang. Fjárheimildir eru færðar frá leikskólaskrifstofu og frístundastarfi yfir á grunnskólaskrifstofu. Að þessum tilfærslum loknum þá hefur verið leyst úr þeim fjármögnunarvanda sem er fyrirsjáanlegur. Fyrir árið 2018 er þá hægt að bæta starfstöðvum langtímaveikindi og sérkennslu sem hefur s.l. ár verið afgreidd sem óhagstæð ytri skilyrði þar sem fjármagn hefur vantað inn í fjárhagsramma. Þessar tilfærslur hafa ekki varanleg áhrif á fjárhagsramma SFS og eru því einungis tilfærslur á árinu 2018 en ekki til framtíðar er þessi aðgerð því ekki til að leysa halla sem hefur verið viðvarandi á sérkennslu og langtímaveikindum.

*Grunnskólaskrifstofa:*
Lagt er til að tilfærslur innan grunnskólaskrifstofu verði 140,7 mkr. Þar sem það dugir ekki til að leysa fjármögnunarvanda þá eru færðar 278,6 mkr. til grunnskóla, þe. 30 mkr. frá frístundastarfi og 248,6 frá leikskólaskrifstofu. Ónýttar fjárheimildir vegna farteyma, talmeina- og hegðunarráðgjafa verða nýttar til að fjármagna langtímaveikindi og hluta af endurúthlutun. Ástæða þess að fjárheimildir eru ónýttar af þessum lið er að ekki tókst að manna stöður talmeina- og hegðunarráðgjafa fyrr en á haustmánuðum. Áætlað var að hafa tvö farteymi en aðeins annað hefur farið af stað og var það á miðju ári af þeirri ástæðu að hæfi umsækjanda var ekki nægjanlegt og því beðið með að manna hitt teymið til áramóta.
Þá er fjölgun barna í grunnskólum um 140, en kostnaðarauki vegna þessa nemur um 46,7 mkr. Í kjarasamning FG frá því fyrr á árinu var gert ráð fyrir leiðsögn nýliða sem eftir er að bæta og nemur um 20 mkr. auk sem úthlutunarreglum sem byggja á hópaúthlutun og voru tekna upp á árinu hafa kostað mun meira en lagt var upp með. Bæði vegna fjölgunar nemenda og samsetningar bekkjardeilda í skólum. Því til viðbótar komu ekki kjarasamningsbætingar á þær viðbótarfjárhæðir sem settar voru í ramma vegna 2018, þ.e. áætlun var gerð á grundvelli einingakostnaðar á árinu 2017.

*Frísundaskrifstofa:*
Frísundastarf er með ónýttar fjárheimildir 67,9 mkr, af þeim verða 30 mkr. fluttar yfir til grunnskóla. Ekki verða tilfærslur milli liða innan frístundastarfs.

*Leikskólaskrifstofa:*
Ónýttar fjárheimildir eru áætlaðar um 409 mkr. af þeim eru fluttar 248,6 mkr. yfir til grunnskólaskrifstofu. Tilfærslur innan leikskóla felast í að fjárheimildir eru færðar til að fjármagna sérkennslu og langtímaveikindi, auk þess sem áætlaður afgangur dagforeldra verði nýttur að hluta til að fjármagna halla vegna einkarekinna leikskóla, en þar hefur kostnaður verið vanáætlaður.

Yfirlit yfir tilfærslur innan sviðshluta og milli sviðshluta:

| | *(fjárhæðir í þús.kr.)* | **Áætluð staða í árslok 2018** | **Millifærslur innan sviðshluta** | **Tilfærslur milli sviðshluta** | **Eftir tilfærlsur** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grunnskólar:** | | | | | |
| M2201 | Langtímaforföll í grunnskóla | -81.606 | | 81.606 | 0 |
| M2202 | Endurúthlutun á haustönn o.fl. | -180.000 | 140.720 | 39.280 | 0 |
| M2206 | Sérkennsla | -157.731 | | 157.731 | 0 |
| M2207 | Nýbúakennsla | 0 | | | 0 |
| M2224 | Sameiginleg þjónusta grunnskóla | 10.157 | -10.157 | | 0 |
| M2227 | Farteymi, talmeina- og hegðunarráðgjafar | 130.563 | -130.563 | | 0 |
| | | | | | 0 |
| | **Samtals grunnskólar** | **-278.617** | **0** | **278.617** | **0** |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| **Frístundastarf** | | | | | |
| I3510 | Félagsstarf í hverfum | 500 | | | 500 |
| I7100 | Miðlægur kostnaður Frístundaheimila | 58.627 | | -24.276 | 34.351 |
| I7550 | Ungmennaverkefni | 0 | | | 0 |
| I7561 | Langtímaveikindi | 5.724 | | -5.724 | 0 |
| I3910 | Sumarnámskeið fyrir börn | 3.000 | | | 3.000 |
| | **Samtals frístundastarf** | **67.851** | **0** | **-30.000** | **37.851** |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| **Leikskólar** | | | | | |
| D011 | Sérkennsla í leikskólum | -153.000 | 153.000 | | 0 |
| D012 | Nýbúakennsla í leikskólum | 121 | | | 121 |
| D416 | Sameiginlegur kostnaður fagskrifstofu - leikskóli | 0 | | | 0 |
| D417 | Langtímaveikindi í leikskólum | -44.930 | 44.930 | | 0 |
| D418 | Endurúthlutun | 550.000 | -197.930 | -248.617 | 103.453 |
| D2X | Einkareknir leikskólar | -10.000 | 10.000 | | 0 |
| D605 | Dagforeldrar | 66.803 | -10.000 | | 56.803 |
| | **Samtals leikskólar** | **408.994** | **0** | **-248.617** | **160.377** |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | **Samtals allt** | **198.228** | **0** | **0** | **198.228** |

## 10. Viðauki vegna framlags til sumarnámskeiða og friðarráðstefnu

Lagt er til að fjárheimildir á liðnum viðburðir Ráðhúss, kostn. st. 09207, verði hækkaður um 5.000 þkr. vegna framlags til sumarnámskeiða og friðarráðstefnu.

Kostnaðarhækkunin verði fjármögnuð af 09205, ófyrirséð.

| **Svið** | **Kostn.st.** | | **Fjárhæð (þkr.)** |
|---|---|---|---|
| ÖNN | 09207 Viðburðir Ráðhúss | Til | 5.000 |
| ÖNN | 09205 Ófyrirséð | Til | -5.000 |
| | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2018 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

**11. Viðauki vegna afleysingarstofu**

Lagt er til að fjárheimildir á liðnum atvinnumál, kostn. st. 01750, verði hækkaður um 4.300 þkr. ásamt því að fjárheimildir á liðnum mannauðsdeild, kostn. st. 01240, verði hækkaður um 5.100 þkr. vegna afleysingarstofu.

Kostnaðarhækkunin verði fjármögnuð af 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 01750 | Atvinnumál | Til | 4.300 |
| ÖNN | 01240 | Mannauðsdeild | Til | 5.100 |
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð | Til | -9.400 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2018 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Afleysingastofa var sett á laggirnar til að bregðast við manneklu í leikskólum og var að meðal tillagna aðgerðarteymis vegna manneklu í leikskólum. Afleysingastofa er samstarf miðlægrar mannauðsdeildar og mannauðsþjónustu Skóla- og frístundarsviðs. Fyrirhugað er að hún getið náð til fleiri starfseininga. Eftir samráð við stéttarfélg var farin sú leið að ráða hluta starfsfólks inn á föst mánaðarlaun. Kostnaður vegna þessara breytinga og til þess að þjálfa starfsfólk er áætlaður allt að 4,3 mkr og kostnaður við rekstur Afleysingastofu 2018 áætlaður 5,1 mkr.

Tillögurnar þarfnast samþykkis borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson